



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2024

ENSK2OR05

Orðaforði og ritun

Kennari:	<b>Thelma María Marinósdóttir, TMM</b> <b>Luis Meza. LFM</b>	<a href="mailto:thelma@fsu.is">thelma@fsu.is</a> <a href="mailto:luis@fsu.is">luis@fsu.is</a>
----------	---	--

### Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

**Undanfari:** ENSK2OL05 eða ENSK2HC05

**Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s. greinamerkjasetningu

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

## Námsefni:

- **Academic Skills Level 3** , Sarah Philpot and Lesley Curnick
- **A good online dictionary** or a good monolingual printed dictionary (English-English)
- **1984**, George Orwell
- Námsefni frá kennara

## Sérreglur áfangans:

Nemendur lesa **1984**, eftir George Orwell heima. Ýmis verkefni verða unnin í tímum og próf verður úr bókinni.

Nemendur verða þjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives).

Skilningur, orðaforði og munnleg tjáning verða hluti af námi í Academic Skills Level 3.

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð, viðurkennd forföll komi til. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekning er munnlega prófið sem verður tekið eftir ákvörðun kennara). **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur.**

Nemendur fæddir 2005 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi um mætingar og vinnu á önninni. Inna er grundvallaratriði en ekki bara notuð sem upplýsingabanki og til verkefnaskila.

Samkvæmt stefnu deildarinnar, er ritstuldur (plagiarism) óásættanlegur. Gefið er 0 fyrir verkefni sem nemendur skila sem ekki er þeirra (copy-paste, unnið með AI eða fengið að láni frá öðrum). Þetta gildir líka um þá sem lána öðrum verkefni sín.

**Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.**

## Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
1984 - novel	verkefni og próf	20%
Ritun Efnisgreinar	3 – 4 efnisgreinar	20%
Samtengingar	verkefni og próf	20%
Munnlegt próf	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Academic Skills	próf og verkefni	25%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi, 4. Janúar, 2024

Luis Felipe Meza

Thelma María Marinósdóttir